

[Íslandsmótið](#) í loftbyssugreinunum er nú lokið. Steinunn Guðmundsdóttir úr SKA setti nýtt Íslandsmet í unglingaflokki kvenna í loftskammbyssu, bæði með og án final, Númi Ólafsson úr SFK jafnaði Íslandsmetið í unglingaflokki án final og svo setti kvennasveit SR Íslandsmet í loftskammbyssu. Í loftskammbyssu karla varð Ásgeir Sigurgeirsson Íslandsmeistari, í loftskammbyssu kvenna Jórunn Harðardóttir, í loftrifflí karla Guðmundur Helgi Christensen, í loftrifflí kvenna Íris Eva Einarsdóttir, í liðakeppni karla A-sveit Skotfélags Reykjavíkur (Ásgeir Sigurgeirsson, Guðmundur Kr. Gíslason, Guðmundur H. Christensen), í liðakeppni kvenna A-sveit Skotfélags Reykjavíkur (Jórunn Harðardóttir, Kristína Sigurðardóttir, Inga Birna Erlingsdóttir). Eins voru krýndir Íslandsmeistarar í öllum flokkum karla og kvenna. Myndir eru [hérna](#).